

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Sandskeið úr landi Miðfells.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 100 lóðum fyrir frístundahús á um 62 ha svæði úr landi Miðfells, við Þingvallaveg sem er stofnvegur tæpum 30 km norðan við Selfoss og um 17 km frá Þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum. Landamörkin liggja við land Stekkjarlundar til suðurs og Miðfells til norðurs. Svæðið liggur að Þingvallavatni til vesturs og að Þingvallavegi til austurs.

Lóðirnar eru frá 2.700–11.500 m<sup>2</sup> að stærð.

Samþykkt í sveitarstjórn 9. maí 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 13. ágúst 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 27. ágúst 2019